



1. fundur stjórnar Aftureldingar 12. apríl 2010

Fundur settur kl. 20.

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Fjarverandi var Ásmundur Pálsson.
Framkvæmdastjóri sat fundinn.

1. Ný stjórn skipti með sér verkum. Sævar heldur áfram sem varaformaður, Helga tekur að sér gjaldkerastarfið og Anna Sigríður tekur að sér hlutverk ritara aðalstjórnar. Ákveðið að Jón formaður geri drög að starfslýsingum fyrir einstök embætti innan stjórnar til að skerpa á verkaskiptingu.
2. Aðalstjórn hafði fengið send til umsagnar drög að endurskoðaðri skólastefnu Mosfellsbæjar. Stjórnin var sammála um að leggja til við fræðslunefnd Mosfellsbæjar að tveimur áherslupunktum yrði bætt inn í skólastefnuna sem varða tengsl íþróttar og skólastarfs enda í samræmi við stefnuyfirlýsingu Mosfellsbæjar sem gerð var í tengslum við 100 ára afmæli Aftureldingar 11. apríl 2009.

Í kaflann um lýðheilsu er lagt til að bæta við markmiði á þennan veg:

Að hvetja til hollrar hreyfingar og heilbrigðs líffstíls meðal annars með samþættingu við íþróttar- og æskulýðsstofnanir nærsamfélagsins. Þróa áfram „íþróttafjörð“ sem hluta af heilstæðri skólalagskrá.

Í kaflann um grenndarsamfélagið er lagt til að bæta við markmiði sem hér segir:

Að stuðla að samþættri dagskrá barna á meðan á vinnutíma foreldra stendur, (8:00-16:00 eða 17:00) allt árið um kring, í samstarfi milli skólanna, stofnana samfélagsins og íþróttar- og tómstundafélaganna.

Jóni falið að ganga frá tillögum stjórnar og að senda erindið til fræðslunefndar.

3. Gerð áætlun um fundi stjórnar og formannafundi. Stjórnarfundir verða áfram haldnir annan miðvikudag hvers mánaðar. Formannafundir verða haldnir annan hvern mánuð á þriðja miðvikudegi mánaðarins. Þó er gerð undantekning nú í apríl þegar fundurinn verður síðasta miðvikudag

mánaðarins, þann 28. Rætt að æskilegt sé að allir stjórnarmenn mæti á formannafundi. Síðasta kvöldvaka vetrarins verður 5. maí og þá er áætlað að eiga stefnumót og ræða við stjórnmalaflokkana sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Lagt til að fundurinn verði haldinn í Listasalnum og munu Gyða/Jón kanna hvort hann standi til boða þetta kvöld. Ef ekki þá er Jón búinn að bóka Lágafellsskóla.

4. Jón og Sævar halda áfram vinnu við stefnumótunina og senda lokadrög til stjórnar og formanna deilda í næstu viku. Stefnan verður síðan rædd og afgreidd á formannafundi 28. apríl.

5. Önnur mál.

Guðjón spurðist fyrir um hlutverk varamanns og upplýst var að ekki hafi verið gerður greinarmunur á hlutverkum að öðru leyti en því að ef til atkvæðagreiðslu kemur á fundi þá greiðir varamaður ekki atkvæði nema aðalmaður sé fjarverandi.

Fundi slitið kl. 21.05

Fundargerður ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir